



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2021
R21100066
2130

Borgarráð

Erindisbréf matsnefndar um veitingu stofnframlaga

Lagt er fram til kynningar erindisbréf matsnefndar um veitingu stofnframlaga til kaupa eða byggingar á íbúðum fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 10. grein laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf - Matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga



ERINDISBRÉF

Matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórnin í Reykjavík.

Inngangur:

Borgarráð hefur samþykkt reglur um stofnframlög til kaupa eða byggingar á íbúðum fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkunum samkvæmt 10. grein laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Stofnframlögunum er ætlað að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir í Reykjavík á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda.

Þeir sem geta sótt um stofnframlög eru húsnæðissjálfsseignarstofnanir, lögaðilar sem eru alfarið í eigu Reykjavíkurborgar (Félagsbústaðir hf.) og þeir lögaðilar sem starfandi voru fyrir gildistöku laga um almennar íbúðir og uppfylla skilyrði laga til að fá lán frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skv. þágildandi 37. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Um stofnframlögin gilda ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerð nr. 183/2020 og reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

Hlutverk matsnefndar:

Að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

Starfshópin skipa:

Halldóra Káradóttir, fjármála- og áhættutýringarsviði (formaður)

Óli Jón Hertervig, eignaskrifstofu.

Ívar Örn Ívarsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfsmaður:

Karl Einarsson, sérfræðingur fjárstýringar og innheimtuskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Matsnefnd er heimilt að leita faglegrar ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins..

Starfstímabil:

Matsnefnd starfi þar til borgarráð hefur afgreitt umsóknir til Reykjavíkurborgar um stofnframlög á árinu 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson